

Fundargerð 2. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2015, föstudaginn 4. september, kl. 8 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Sólvangi, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir, Birna Ólafsdóttir og Sigurður P. Sigmundsson.

Að auki sátu fundinn: Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Kristján Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sólvangs tók á móti verkefnastjórninni í fundarsal Sólvangs. Kristján tók við stöðu framkvæmdastjóra vorið 2015 og hefur unnið að breyttu skipulagi heimilisins með það að markmiði að ná fram fjárhagslegri hagræðingu. Stofnunin er nú ein deild en ekki þrjár eins og áður. Störf deildarstjóra voru lögð niður og hjúkrunarforstjóri hefur nú hlutverk deildarstjóra. Hjúkrunarfræðingar á hæðum hafa ekki með pappírsvinnu að gera og geta einbeitt sér að daglegu starfi á hæðunum. Verið er að endurskipuleggja reksturinn. Á Sólvangi eru 58 rými þar af 4 sem eru hvíldarinnlagnarrými.

Fram kom að framkvæmdastjórinn hefur efasemdir um leiguleiðina sem samningur Hafnarfjarðarbæjar og velferðarráðuneytisins byggir á. Húsnæðisgjald sem greitt er til þeirra heimila sem ekki eru í leiguleið fellur niður og telur hann að það sé skerðing á fjármagni til heimilanna. Rekstrarfjármagn annarra heimila byggist uppá daggjöldum og húsnæðisgjaldi. Einnig kom fram hjá framkvæmdastjóranum og hann teldi mikilvægt að launavinnsla og umsýsla sé unnin í námunda við starfssemina en ekki miðlægt fjarri stofnuninni. 80% af rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila væru laun og nauðsynlegt væri fyrir stjórnanda að hafa góðar gætur á þeim kostnaði og þar mætti lítið út af bregða þar sem t.d. 1 % frávik gætu þýtt umtalsverða fjármuni. Stjórnandi stofunarinnar þyrfti því að vera alltaf í sambandi við launafulltrúa. Einnig kom fram að kostnaður vegna næturvakta skiptir sköpum í rekstrarkostnaði þar sem sá kostnaður er mun meiri en dagvaktir þar sem þær eru oft mannaðar með svokölluðum „stubba-vöktum.“ Skipulag hússins skiptir hér einnig máli, hvernig yfirsýn er yfir húsnæðið o.fl.

2. Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, lagði fram minnisblað vegna hönnunar hjúkrunarheimilis við Sólvang (sjá viðhengi). Í minnisblaðinu er tilgreindar þrjár leiðir vegna hönnunar hjúkrunarheimilisins. Í fyrsta lagi alútbod þar sem verkkaupi býður út hönnun mannvirkja og framkvæmd í einu útbóði, þ.e. verktaki sér um hönnun og byggingarframkvæmd. Í öðru lagi hefðbundin leið með útbóði á öllum verkþáttum. Verkkaupi ræður hönnuði eftir hönnunarútbóði, þar kemur fram markmið vegna verktakakostnaðar og heildarkostnaðar húsnæðisins. Í þriðja lagi hönnunarsamkeppni með fyrirfram ákveðnum hönnunarkostnaði. Sett er af stað hönnunarsamkeppni þar sem fram kemur hver verktakakostnaður megi vera og skilgreind föst þóknun fyrir hönnun fyrirfram. Í minnisblaðinu er farið yfir kosti og galla hverrar leiðar fyrir sig. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu fór yfir minnisblaðið og ræddi þá möguleika sem væru fyrir hendi. Ákveðið var að fyrir næsta fund verkefnastjórnarinnar væru

fundarmenn bínir að kynna sér málið nánar og mynda sér skoðun á því hvaða leið sé heppilegast að velja. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu er tilbúinn til að svara fyrirspurnum fundarmanna fram að þeim fundi verði eftir því leitað.

3. Næsti fundur verður 18. september n.k. og verður óskað eftir því að bæjarstjóri mæti á fundinn til að greina frá stöðu mála gagnvart ráðuneytinu þ.e.a.s. kröfu sveitarfélagsins um uppreikning verðbóta vegna leiguverðs, fjölgunar rýma o.fl.
4. Fundarmenn fóru í kynnisferð um Sólvangshúsið í fylgd framkvæmdastjóra.

Fundi slitið kl. 9:30.